

# Selkórinn 30 ára.

Selkórinn var stofnaður árið 1968 og er því 30 ára á þessu söngári. Það markar upphaf kórsins að konur í nýstofnuðu kvenféluginu Seltjörn hófu upp raust sína á jólfundi félagsins undir stjórn Kristjönu Richter. Þetta framtak vatt upp á sig og skipulegar æsingar hófust skömmu síðar meðal kvenfélagskvenna. Fyrstu átta árin var kórinn hreinn kvennakór og stjórnendur voru Magnús Ingimarsson, Reynir Jónasson og Siguróli Geirsson.

Karlar gengu til liðs við Selkórinn 1976 og kórinn varð um svipað leyti sjálfstæðari andspænis móðursfélagi sínu, kvenféluginu Seltjörn. Stjórnendur kórsins síðan þá eru í tímarröð: Guðrún Birna Hannesdóttir, Ragnheiður Guðmundsdóttir, Ágústa Ágústsdóttir, Helgi R. Einarsson, Friðrik V. Stefánsson, Friðrik Guðni Þórleifsson og Jón Karl Einarsson, sem hefur stjórnað kórnum frá 1991.

Starfsemin er ákaflæga fjölbreytt en árlega heldur kórinn jóla- og vortónleika. Tvisvar hefur kórinn sungið á erlendri gruntu. Fyrir nokkrum árum var farið í söngferð um Norðurlönd og sumarið '95 söng kórinn á Zemplen listahátíðinni í Ungverjalandi. Í sumar verður svo haldið í söngferðalag til Ítalíu.

Viðfangsefni kórsins eru af ýmsum toga bæði klassísk tónlist og léttari verk. Af stærri viðfangsefnum síðustu ára má nefna Te Deum eftir W.A. Mozart, Messu í G-dúr eftir Franz Schubert, Requiem eftir Gabriel Fauré og Jesu Meine Freude eftir J.S. Bach.

Í tilefni 30 ára afmælis Selkórsins hafa verið samin tvö tónverk fyrir kórinn. Annað verkið er samið að beiðni kórsins, en Hildigunnur Rúnarsdóttir tónskáld var fengin til þess verkefnis. Hitt tónverkið er samið af John Speight og er gjöf frá stjórnanda kórsins og eiginkonu hans í tilefni tímamótanna.

Kórfélagar kunna þeim hjónum að sjálfsögðu bestu þakkir fyrir gjöfina (og tónskáldinu gott verk) og vonum að verkið verði á efnisskrá kórsins og annarra kóra um komandi framtíð.

Lag Johns er við ljóð Þorgeirs Sveinbjarnarsonar *Við Kinafljót*. Lagið hefur á sér framandi austrænan blæ og hæfir það ljóðinu sem er um kínverskt kærustupar, hana Lí -sú-lí og hann Hó-sí-hú sem horfast í augu í skjóli bambustrjáa.

Hildigunnur velur vikivakaform og hefur samið lag við eitt hið besta af yngri danskvæðum íslenskra miðalda. Það er kvæðið um Tristran og Ísoldu, sem drukku óvart ástardrykk og unnust í meinum, undir reiði konungs og dróttar allrar „Þeim var ekki skapað nema skilja“ segir í viðlagsstefnu, en eftir að þau voru lögð til hinstu hvílu, hvort sínum megin við kirkjuna uxu upp tré af leiðum þeirra og fléttuðu saman greinar sínar yfir kirkjuþakinu. Bæði þessi tónverk eru frumflutt á tónleikunum í dag.

Kórinn hefur átt ágætt samstarf við Tónlistarskólann á Seltjarnarnesi og er þakklátur fyrir margháttar aðstoð af þeim vettvangi. Nægir að minnast á tónleika í Seltjarnarneskirkju, þar sem fluttir voru Óperukórar við dúnrandi undirleik Lúðrasveitarinnar. Í dag munu Lúðrasveitin hjálpa okkur við að ljúka tónleikunum, en auk þess leikur málmlásarakvintett með kórnum í Tristranskvæði eftir Hildigunni Rúnarsdóttur.

Við flutning Tristranskvæðis nýtur kórinn aðstoðar málmlásarakvintetts úr Lúðrasveit Seltjarnarness en auk þess leikur Lúðrasveit Seltjarnarness með í Sigurmarsi Verdis. Nokkrir félagar úr Oddfellow-stúkunni Hallveigu styrkja æðstuprestana við flutning Sigurmarsins. Kári Einarsson er stjórnandi Lúðrasveitar Seltjarnarness